

Auglýsing

6
8. febr

um

kosning alþingismanns fyrir Vestur-Skaftafellssýslu.

Með því að þingmaður Vestur-Skaftafellssýslu, Gísli sýslumaður Sveinsson, hefir lagt niður þingmennsku, er hjermeð samkvæmt 53. gr. laga nr. 28, 3. nóvember 1915, um kosningar til Alþingis, fyrirskipað, að kosning skuli fara fram miðvikudaginn 15. mars 1922 á alþingismanni fyrir Vestur-Skaftafellssýslu í stað hins fráfarra þingmanns, fyrir þann tíma, er hann átti eftir.

Frestir þeir, sem ákveðnir eru í kosningalögnum, eru styttnir þannig að framboðsfrestur er til 25. þessa mánaðar, að þeim degi meðtöldum, og níu dögum síðar eða 6. mars skulu kjörseðlar fullgerðir.

Þetta er hjermeð birt öllum þeim, sem hlut eiga að máli, og hefir verið lagt fyrir hlutaðeigandi yfirkjörstjórn að undirbúa kosning þessa og sjá um, að hún fari fram samkvæmt fyrirmælum kosningalaganna.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. febr. 1922.

Jón Magnússon.

G. Sveinbjörnsson.